

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/279
komudagur 30.11.2005

Alþingi
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.11.2005

Tilv. 20.12


GG

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp um virðisaukaskatt.

Faxafloahöfnum sf. hefur borist erindi um þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Er þar gert ráð fyrir að afnotagjald eða aðgangseyrir fyrir notkun samgöngumannvirkis verði undanþeginn virðisaukaskatti. Faxafloahafnir sf. eru eigandi að 23,5% hlut í eignarhaldsfélaginu Speli hf, sem er eigandi Spalar ehf.

Af hálfu Faxafloahafna sf. er lögð áhersla á að mótuð verði almenn stefna um meðferð virðisaukaskatts vegna samgöngumannvirkja sem lúta reglum einkaframkvæmdar, en í því efni haft í huga að um samfélagslegar aðgerðir er að ræða. Því standa rök til þess að um slíkar framkvæmdir gildi sérreglur ef ætlunin er að stuðla að slíkum framkvæmdum í framtíðinni. Varðandi það frumvarp sem fyrir liggur er ljóst að breyting á lögum varðar nú aðeins eitt fyrirtæki, Spöl ehf. og þá vegfarendur sem fara um Hvalfjarðargöng. Niðurfelling virðisaukaskatts mun án vafa koma almennum notendum til góða en engin áhrif hafa á þá sem nú greiða virðisaukaskatt vegna aksturs í atvinnuskyni. Áhersla er á það lögð að ef breyting verði gerð á umræddum lögum þá verði rekstrarstaða Spalar ehf. ekki lakari en í dag, en fyrirtækið nýtur ákveðins hagræðis af gildandi virðisaukaskattsreglum.

Virðingarfyllt,


Gisli Gíslason,
 hafnarstjóri